

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um kostnað við að skýra hæstaréttardóma.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var heildarkostnaður ríkissjóðs við:
 - a. störf lögfræðinganevndar sem skipuð var í kjölfar öryrkjadómsins í desember sl.,
 - b. sérfræðiaðstoð við að meta dóm Hæstaréttar frá desember 1998 um stjórn fiskveiða og gera breytingar á þágildandi lögum í tilefni dómsins?
2. Hvernig skiptust launin og hve mikið kom í hlut hvers:
 - a. annars vegar milli nefndarmanna og hins vegar milli starfsmanna nefndarinnar um öryrkjadóminn,
 - b. fyrir sérfræðiaðstoð við að meta dóm Hæstaréttar um stjórn fiskveiða?
3. Hver var heildarfjöldi vinnustunda við:
 - a. nefndarstarfið út af öryrkjadóminum, annars vegar hjá nefndarmönnum og hins vegar hjá starfsmönnum nefndarinnar, og hve marga fundi hélt nefndin,
 - b. sérfræðiaðstoð við að meta dóm Hæstaréttar um stjórn fiskveiða?
4. Hver tók ákvörðun um fjárhæð greiðslna skv. 2. lið? Hvaða reglur gilda almennt um greiðslur fyrir nefndarstörf á vegum ráðuneyta fyrir:
 - a. nefndarmenn eða sérfræðinga innan ráðuneyta,
 - b. sérfræðinga utan ráðuneyta?

Skriflegt svar óskast.